

36

20. gr.

10. marz.

Hver sá, sem hefir hlaupareikning við bankann, skal greiða fyrir það 12 kr. á ári hverju, er lúkest við ársbyrjun.

Í bankastjórninni, Reykjavík 7. marz 1887.

*L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.*

\*

\*

\*

Framanritaður viðauki við Reglugjörð fyrir landsbankann í Reykjavík samþykkt hjermeð.

*Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 10. marz 1887.*

*Magnús Stephensen.*

*Jón Jenson.*

37

28. febr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu Dyrhólahrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 19. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi fer þess á leit, að hreppi þessum verði skipt í 2 hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppsskiptingu þessa á þann hátt, sem óskað er eptir.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Dyrhólahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Hvamms-hreppur og Dyrhólahreppur, þannig að Höfðabrekku- og Reynissóknir sju í Hvamms-hreppi og Dyrhóla- og Sólheimasóknir í Dyrhólahreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Dyrhólahrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa að tiltölu við sveitarútsvörin 5 fardagaárin 1882—87, eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps, sem nú á að verða hreppur útaf fyrir sig. Eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stáð milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2 gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gjörð á Dyrhólaþinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómpinghá.

#### LAUSN FRÁ PRESTSEMBÆTTI.

19. marz var sóknarpresti að Kálfafellsstað, sjera Jóhanni Kn. Benidiktssyni, veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum sakir heilsulasleika.

#### ÓVEITT PRESTAKALL

er verður veitt með þeim fyrirvara, að sá, er það fær, verður að sætta sig við rýrnun þá í tekjum hans, er leitt getur af ákvörðun í 16. gr. laga <sup>19/2</sup> 86: Kálfafellsstaður (Kálfafellssókn) í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi. Metið 775 kr. 78 aur. Auglýst 21. marz.